


Ársskýrsla stjórnar Fjöruverðlaunanna – bókmenntaverðlauna kvenna á Íslandi 2022

Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna (sís og trans) og trans, kynsegin og intersex fólks á Íslandi, héldu áfram að dafna á árinu. Starfsemi félagsins var aftur flutt í raunheima, eftir að hafa verið rafræn veturinn 2020–2021 vegna heimsfaraldurs COVID-19.

Stjórn félagsins lærði mikið af árinu þegar starfsemin var öll rafræn og ýmsum breytingum sem voru gerðar á rekstrinum í því ástandi var viðhaldið. Í því felst m. a. að halda aðalfund félagsins rafrænt, að gefa út smámyndir um tilnefningar til Fjöruverðlauna sem dreift var á samfélagsmiðlum og breytt fyrirkomulag verðlaunaafhendingar.



TILNEFND TIL FJÖRUVERÐLAUNANNA 2022

Reykjavík barnanna eftir Margréti Tryggvadóttur og Lindu Ólafsdóttur fjallar um sögu Reykjavíkur frá því fyrir landnám til vorra daga. Bókin er ríkulega myndskreytt og er hver opna afmörkuð innsýn í sögu borgarinnar. Hofundar draga fram fjölbreyttan fróðleik og gera skil á skemmtilegan hátt í góðu jafnvægi texta og mynda. Texti Margrétar er hnitmiðaður í audlesnum efnisgreinum og myndir Lindu eru litríkar og bæta ýmsu við. Bókin vekur löngun til að fræðast meira um höfuðborgina.



Fríða Ísberg

hefur verið tilnefnd til
Fjöruverðlaunanna 2022
í flokki fagurbókmennta
fyrir bókina

Merking



Fjöruverðlaunin 2022

Verðlaunaafhendingin 2020 var einfölduð, ákveðið var að bjóða ekki verðlaunahöfum síðasta árs að afhenda verðlaunin til að uppfylla skilyrði landlæknis um fjöldatakmörkanir á viðburðum. Sú einföldun jók skilvirkni athafnarinnar og var ákveðið að halda henni með sama hætti árið 2021, og voru verðlaunin afhent af formanni Fjöruverðlaunanna og borgarstjóra.

Afhending var 7. mars, en ákveðið var af stjórn að stefna afhendingu verðlaunanna á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars. Ekki gekk sú dagsetning eftir á árinu þar sem borgarstjóri var vant við látinn, en þrátt fyrir það var athygli fjölmiðla mikil.

Fjárhagur og félagatal 2021–2022

Allt frá stofnun félagsins árið 2014 hefur verið unnið að því að straumlínulaga rekstur Fjöruverðlaunanna og því að koma á föstum styrktarlínum. Í því felst að öll umsýsla og undirbúningur er auðveldari og framtíð verðlaunanna tryggari.

Á árinu greiddu 110 félagar félagsgjöld, 65% af félagstali.

Kostnaður við verðlaunin var hærri en gjöld á árinu, en ekki var rukkað fyrir límmiða til bókaútgefenda í ár og báru verðlaunin þann kostnað ein. Ljóst er að í framtíðinni geti Fjöruverðlaunin ekki borið þennan kostnað. Tekjur félagsins á árinu voru 220.219 krónur (þ.e. félagsgjöld og innvextir).

Útgjöld Fjöruverðlaunanna

2014–2015:	307.847 kr.
2015–2016:	286.666 kr.
2016–2017:	259.366 kr.
2017–2018:	150.956 kr.
2018–2019:	124.885 kr.
2019–2020:	217.824 kr.
2020–2021:	365.420 kr.
2021–2022:	291.246 kr.

Fjöruverðlaunin hafa aldrei verið peningaverðlaun og ljóst er að þau verða ekki peningaverðlaun nema til komi mikið og samstillt átak stjórnar, félagsmanna, hagsmunaaðila fyrirtækja og opinberra aðila.

Félagar í Félagi um Fjöruverðlaunin, bókmenntaverðlaun kvenna voru 169 undir lok starfsárs.

Starfsárið 2021–2022

Aðalfundur Fjöruverðlaunanna var haldinn á Zoom þann 28. september 2022. Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir var endurkjörin formaður til tveggja ára, með henni voru kjörnar í aðalstjórn Erla E. Völudóttir og Helga Birgisdóttir og í varastjórn Hólmfríður Garðarsdóttir. Kjörnir voru tveir skoðunarmenn reikninga: Védís Skarphéðinsdóttir og Elín Björk Jóhannsdóttir.

Auglýst var eftir bókum eftir konur til að leggja fram til verðlaunanna fyrir 29. október 2021. Ef bækur voru ekki komnar út fyrir þann tíma, var bókaútgefendum boðið að senda rafrænt eintak á dómnefnd og skila inn þremur eintökum af verkinu fyrir 19. nóvember 2021. Dómnefndir verðlaunanna voru fullskipaðar og höfðu verklagsreglur sér til fulltingis. Félag íslenskra bókaútgefenda sá um móttöku bóka frá útgefendum, en stjórnarkonur deildu systurlega með sér keyrslu á bókum til dómnefnda, þrisvar á tímabilinu.

113 bækur voru lagðar fram til mats vegna Fjöruverðlaunanna 2022. Þær skiptust þannig: 36 bækur í flokki barna- og unglingsbókmennta, 48 í flokki fagurbókmennta og 29 í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis. Tilnefningar til Fjöruverðlaunanna voru kynntar á tilnefningarhátíð í Borgarbókasafninu 2. desember 2021. Tilnefndir höfundar og bækur voru kynntar með smámyndum á samfélagsmiðlum og einnig var fréttatilkynning send út til fjölmiðla.

Þessar bækur og höfundar hlutu tilnefningu til Fjöruverðlaunanna 2022:

Í flokki fagurbókmennta

- *Merking* eftir Fríðu Ísberg, **sem hlaut verðlaunin**
- *Dyngja* eftir Sigrúnu Pálsdóttur
- *Tanntaka* eftir Þórdísi Helgadóttur

Í flokki barna- og unglingsbókmennta

- *Reykjavík barnanna* eftir Margréti Tryggvadóttur og Lindu Ólafsdóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Ótemjur* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur
- *Akam, ég og Annika* eftir Þórunni Raket Gylfadóttur

Í flokki fræðibóka og rita almenns eðlis

- *Sigurður Þórarinnsson: Mynd af manni* eftir Sigrúnu Helgadóttur, **sem hlaut verðlaunin**
- *Kristín Þorkelsdóttir* eftir Bryndísi Björgvinsdóttur og Birnu Geirfinnsdóttur
- *Kvár, hvað er að vera kynsegin?* eftir Elísabetu Rún

Reykjavíkurborg sem er ein af bókmenntaborgum UNESCO er sérlegur verndari verðlaunanna. Samstarfið er skilmálalaust en stjórn Fjöruverðlaunanna hefur ítrekað við borgina að þau vilji halda sjálfstæði og sjálfræði – eiga sig sjálf. Aðkoma Bókmenntaborgarinnar felur í sér að hún hefur og mun til framtíðar fjármagna og hýsa verðlaunaafhendinguna.

Fjöruverðlaunin 2022 voru afhent 7. mars 2022 í húsaárátt borgarinnar í Höfða. Formaður stjórnar, Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir, stýrði samkomunni og tilkynnti verðlaunin. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Bókmenntaborgar UNESCO – Reykjavík ávarpaði gesti og afhenti blóm og verðlaunagrip. Verðlaunahafar árið 2022 fengu í verðlaun áletrað egg hannað af Koggu, sem er dyggur styrktaraðili Fjöruverðlaunanna og gefur verðlaunagrip. Verðlaununum voru gerð góð skil í öllum helstu fjölmiðlum og netmiðlum.

Dómnefndir unnu óeigingjarnt starf og eru þeim færðar þakkir fyrir. Í dómnefnd fagurbókmennta sátu Dagný Kristjánsdóttir, Elín Björk Jóhannsdóttir og Júlía Margrét Sveinsdóttir, í dómnefnd fræðibóka og rita almenns eðlis sátu Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Sigrún Birna Björnsdóttir og Sigrún Helga Lund, og í dómnefnd barna- og unglingsbókmennta sátu Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, Brynja Helgu Baldursdóttir og Hildur Ýr Ísberg.

Aamstarf við dómnefndir, Félag íslenskra bókaútgefenda, Borgarbókasafn, Pipar/TBWA Koggu og Reykjavíkurborg gekk með eindæmum vel. Er öllum hlutaðeigandi þakkað samstarfið.

Yfirstandandi og áframhaldandi verkefni

Á aðalfundi 2018 var ákveðið að afhenda á árinu öll gögn Fjöruverðlaunanna til Kvennasögusafns Íslands og endurbæta vefsíðu félagsins, birta þar t.d. upplýsingar um allar bækur sem tilnefndar hafa verið til Fjöruverðlaunanna til að auka sýnileika rithöfunda og gefa út sérstaka útgáfu vefsíðunnar á ensku. Þeirri vinnu er enn ólokið.